| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Leifur Brynjólfsson | **Sk.st.** | LEB |

## Áfangalýsing:

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds. Nemendum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur og prófjöfnuður kenndur. Opnun og lokun höfuðbókar og tengsl hennar við dagbók. Gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir virðisaukaskattinn. Reikningsuppgjör og lokun höfuðbókar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemenda og góðan frágang.

## Markmið:

- Að nemendur geri sér grein fyrir hugtökunum eignir, skuldir, tekjur og gjöld.
- Að nemendur skilji sambandið milli dagbókar og höfuðbókar og geti annast almennar færslur í dagbók.
- Að nemendur kunni uppgjör með reikningsjöfnuði og einföldum athugasemdum.
- Að nemendur kannist við nokkrar helstu undirbækur bókhaldsins.
- Að nemendur geti fært dagbók eftir fylgiskjölum.
- Að nemendur kynnist grunnatriðum bókhaldslaganna.

## Námsgögn:

Bókfærsla 1 eftir Tómas Bergsson, **Ný útgáfa (2009)**.
Verkefni þurfa nemendur að vinna í sérstakar bækur; 2 dagbækur og 2 höfuðbækur sem fást í bókabúðum.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | | Verkefni |
|---|---|---|
| 34 | Kynning á bókhaldsbókum, verkfærum, reikningum og réttum vinnubrögðum. Efnahags- og rekstrarreikningur kynntir ásamt FOB og CIF. | Verkefni 1, 2 |
| 35 | FOB og CIF, innkaupakostnaður, upprifjun. | Verkefni 3, 4 |
| 36 | Nýir reikningar; sjóðsreikningur, vaxtatekjur, vaxtagjöld og einkareikningur. **Tímapróf 1 (dagbók og höfuðbók)** | Verkefni 5,<br>**Tímapróf 1** |
| 37 | Áhaldareikningur, afskriftir. | Verkefni 6, 7 |
| 38 | Áhaldareikningur, afskriftir. | Verkefni 8, 9 |
| 39 | Kreditkort. **Tímapróf 2 (dagbók).** | Verkefni 10, 11<br>**Tímapróf 2** |

| | | |
|---|---|---|
| 40 | Reikningsjöfnuður, ógreidd gjöld í lok tímabils. | Verkefni 12, 13 |
| 41 | Reikningsjöfnuður, fyrirfram greitt í lok tímabils. | Verkefni 14 og 15 |
| 42 | Virðisaukaskatturinn. **Tímapróf 3 (Reikningsjöfnuður).** | Verkefni 17, **Tímapróf 3** |
| 43 | Virðisaukaskatturinn, áframhald. | Verkefni 18, 19 |
| 44 | Dagbók og reikningsjöfnuður. | Verkefni 20, 21 |
| 45 | Nýtt form. | Verkefni 22, 23, 24 |
| 46 | Tapaðar kröfur. | Verkefni 25. 26 |
| 47 | Upprifjun. **Tímapróf 4 (dagbók, höfuðbók og reikn-ingsjöfnuður).** | **Tímapróf 4** |
| 48 | Upprifjun. | |

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Lokapróf | Dagbók (50%), höfuðbók (10%), reikningsjöfnuður (40%) | **60%** |
| Skyndipróf | Fjögur tímapróf, þrjú bestu gilda (10% hvert) | **30%** |
| Mæting | | **10%** |
| Annað (I) | **Nemandi getur valið að sleppa lokaprófi sé þessum tveimur skilyrðum fullnægt:**<br>1. Hann taki öll stöðuprófin (4) og fái 8 eða hærra í meðaleinkunn í þeim. Engin stök einkunn má þá vera lægri en 7.<br>2. Mæting hans sé 90% eða betri í lok annar.<br><br>Gildir þá vetrareinkunn sem lokaeinkunn sem hér segir:<br>• Kaflapróf (öll fjögur): 80%<br>• Ástundun og mæting: 20% | |

**Með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning: 20. ágúst 2012**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**